

Álftanes

Í þetta sinn er ferðinni heitið um Álftanes, hinn söguríka stgað með höfuðbólínu Bessastöðum, sem um aldir var aðsetur æðstu valdsmanna landsins en er nú bústaður forseta Íslands. Leiðin liggur af Reykjanesbrautinni við Engidal og vestur á nesið yfir Garðahraun. Engildalur var fyrrum vinsæll útiskemmtistaður og vissulega eiga margir núlifandi menn endurminningar þaðan, þott flest sé þar nú á annan veg en fyrrum. Framundan og á hægti hönd er Gálgahraun, en þessi hraun munu hafa runnið frá Búrfelli, sem er fyrir austan Hafnarfjörð, fyrir um 7200 árum og alla leið út í Skerjafjörð, gegnt Álftanesi. Þegar hraunið er að baki, tekur við mjótt eiði milli Skógtjarnar til vinstri og Lambhúsatjarnar til hægri. Innan stundar er komið að heimreiðinni að Bessastöðum. Þar skiljum við bílinn eftir og hefja gönguna.

Við göngum veginn til vingstri og brátt erum við komin að húsunum sem standa út við fjörukambinn. Þar komum við okkur ofan í fjöruna og höldum eftir henni norður eftir. Þetta er skemmtileg gönguleið, enni síst ef lágsjávað e. Hér gengur vík inn í landið sem nefnist Helguvík, en handan hennar yst á nesinu er býlið Hlið. Úti í sjónum fram undan Hliði er hver. Fyrrum sást hann greinilega um fjöru, en þar sem landið er stöðugt að síga hér við ströndina, samkvæmt mælingum, kemur þessi hver ekki í ljós um fjöru eins og fyrrum.

Við göngum nú norður fjöruna. Þar er margt að skoða og ef vel er að gætt, má vissulega sjá hér merki um horfna tíð, ruddar lendingar o.fl. Því fyrrum var sjórin sóttur fast og komu vermenn hingað víða að af landinu. Er m.a. getið um 70 skip, sem voru gerð héðan út til fiskiveiða á síðari hluta 19.aldar. Á fjöru koma upp sker og boðar sem eru undan ströndinni. Má nefna Hrakhólmana, sem eru þeirra stærstir. Auðvelt er að komast þangað eftir sléttum granda, sem kemur upp á fjöru, en samt verða menn að gæta varúðar, því þarna fellur fljótt að og þá eru menn “illa staddir á flæðiskeri”.

Frá Hrakhólmanum er stefnan tekin á Breiðabólstað, sem var fyrrum eitt mesta stórbýlið á nesinu. Geta menn valið um, hvort þeir ganga áfram fjöruna eða eftir veginum. Hvortveggja er áhugavert.

Á Breiðabólstað bjó um og eftir síðustu aldamót Erlendur Björnsson, hreppstjóri og aflasæll formaður. Endurminningar hans hafa verið gefnar út í bók, sem heitir Sjósókn, og þar er að finna merkar lýsingar á búskaparháttum fólks í þessari sveit fyrr á tíð.

Milli Breiðabólstaðar og Bessastaða er Bessastaðatjörn og handan hennar er Bessastaðanes. Auðvelt er að komast þar á milli fyrir norðan tjörnina, en sjálfsagt að biðja um leyfi til þess hjá ábúendum, því mikið fuglavarp er á nesinu og þar er bithagi fyrir skepnur. Af þeim sökum er umferð um nesið bönnuð frá því í apríl og fram í júlí. Rétt fyrir austan ósinn á Bessastaðatjörn er Skansinn. Þar fyrir utan er Seilan, en inn á Seiluna sigldu sjóræningjarnir sem rændu í Vestmannaeyjum 1627 og ætluðu að gera Bessastöðum sömu skil. En þeir strönduðu skipi sínu á skeri og sneru frá. Árið 1688 var hlaðið virki á Skansinum, með nokkrum fallbyssum til að verjast innrás sjóræningja og annars illþýðis. Sem betur fór voru þær aldrei notaðar.

Um síðustu aldamót var smákot á Skansinum. Þar bjuggu þá hjónin Málfríður og Eyjólfur ásamt syni sínum Ólafi. Þótt búið væri lítið ríkti þar mikill þrifnaður og ekki sillti Ólafur fyrir því hann var kátur, fjörugur og lífsglaður ungur maður, en enginn söngmaður, svo vitnað sé í samtímaheimild um hann. Ólafur Eyjólfsson er þó þekkt persóna í dansbókmenntum okkar, því um hann var saminn textinn við dansinn Óla skans sem hvert mannsbarn á Íslandi kannast við.

Frá Skansinum liggur leiðin heim nesið að forsetasetrinu að Bessastöðum. Þessi staður er nátengdur sögu þjóðarinnar. Þar sátu æðstu valdsmenn Danakonungsöldum saman, Þar var um tíma eina menntastofnun landsins og undanfari Latínuskólans í Reykjavík, og eftir að Lýðveldið var stofnað á Íslandi hefur þar verið aðsetur forsetans.

Við gerum ekki annað en líta athugulum augum heim að forsetasetrinu, en ef kirkjan er opin er sjálfsagt að koma þar við. Hún er úr hlöðnum steini, reist á árunum 1790-1823 og það stór, að hún var byggð utan um þá gömlu.

Hér látum við staðar numið, en þessi stutta kynnisferð um Álftanesið ætti að hressa líkama og sál og um leið veita smá innsýn í það líf, sem forfeður okkar lifðu. Meiri fróðleik um það efni fæst m.a. í bókum, sem ættu að vera aðgengilegar öllum, sem eftir því leita.

(Mbl ??? 1979)